

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/2325****2022/EES/18/72**

frá 16. desember 2021

**um að fastsetja, samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848, skrána yfir þriðju lönd og skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem hafa verið viðurkennd skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innflutning á lífrænt ræktaðum vörum inn í Sambandið (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 frá 30. maí 2018 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænt ræktaðra vara og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(1)</sup>, einkum 3. mgr. 48. gr. og 2. mgr. 57. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við iii. lið b-liðar 1. mgr. 45. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 er heimilt að flytja inn vöru í þeim tilgangi að setja vöruna á markað í Sambandinu sem lífrænt ræktaða vöru eða sem vöru í aðlögun ef viðkomandi vara er í samræmi við jafngildar reglur viðurkennds þriðja lands um framleiðslu og eftirlit og er flutt inn með skoðunarvottorði, sem lögbær yfirvöld, eftirlitsyfirvöld eða eftirlitsaðilar viðkomandi þriðja lands gáfu út, sem staðfestir þetta samræmi. Í 1. mgr. 48. gr. þeirrar reglugerðar er skýrt nánar að í því sambengi er viðurkennt þriðja land þriðja land sem hefur verið viðurkennt að því er varðar jafngildi skv. 2. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 <sup>(2)</sup>.
- 2) Sú viðurkenning fellur úr gildi 31. desember 2026. Þessi þriðju lönd eru áfram viðurkennd fram að þeim degi til að tryggja snurdulaus umskipti yfir í kerfi um viðurkenningu samkvæmt viðskiptasamningi skv. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848, að því tilskildu að þau haldi áfram að tryggja að reglur þeirra um lífræna framleiðslu og eftirlit séu jafngildar viðeigandi reglum Sambandsins sem eru í gildi og að þau fari að öllum kröfum í tengslum við eftirlit framkvæmdastjórnarinnar með viðurkenningu þeirra í samræmi við framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 <sup>(3)</sup>.
- 3) Skráin yfir viðurkennd þriðju lönd, sem er komið á fót með þessari reglugerð, er byggð á skránni í III. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 <sup>(4)</sup>, að undanskildum Chile (Síle), Sviss og Breska konungsríkinu þar eð viðskipti með lífrænt ræktaðar vörur við þessi lönd fellur undir sértæka samninga. Í ljósi nýrra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist frá tilteknum þriðju löndum eftir síðustu breytingu á þeirri skrá ætti þó að taka tillit til tiltekinna breytinga og aðlaga ætti skrána til samræmis við það.
- 4) Samkvæmt upplýsingum frá Argentínu hefur heiti eftirlitsaðilans „Argencert“ verið breytt í „Ecocert Argentina SA“.
- 5) Costa Rica upplýsti framkvæmdastjórnina um það að lögbært yfirvald þess hefði tekið eftirlitsaðilana „Control Union Perú“ og „Primus Labs.com CR S.A.“ af skránni yfir eftirlitsaðila sem Costa Rica viðurkennir.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 465, 29.12.2021, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 1

<sup>(2)</sup> Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91 (Stjtið. ESB L 189, 20.7.2007, bls. 1).

<sup>(3)</sup> Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1342 frá 27. maí 2021 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/848 er varða reglur um upplýsingar sem þriðju lönd, eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðilar eiga að senda vegna eftirlits með viðurkenningu þeirra skv. 2. og 3. mgr. 33. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar innfluttar lífrænt ræktaðar vörur og ráðstafanir sem á að gera vegna beitingar á þessu eftirliti (Stjtið. ESB L 292, 16.8.2021, bls. 20).

<sup>(4)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1235/2008 frá 8. desember 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 334, 12.12.2008, bls. 25).

- 6) Að því er varðar Indland hefur mikill fjöldi sendinga, samtals þúsundir tonna af sesamfræjum sem fullyrt var að væru lífrænt ræktuð, sem voru menguð af etýlenoxíði, verið fluttur inn frá því þriðja landi, einkum frá rekstraraðilum sem sæta eftirliti af hálfu eftirlitsaðila sem Indland hefur eftirlit með, sem hefur leitt til u.þ.b. 90 tilkynninga í upplýsingakerfinu fyrir lífrænan búskap. Svo virðist sem tilvist etýlenoxíðs, sem er krabbameinsvaldandi í mönnum, hafi greinst í lífrænt ræktuðum vörum fyrir árið 2020. Á undanförunum þremur áratugum hafa ýmsar áreiðanlegar aðferðir til greiningar á etýlenoxíði verið þróaðar og hafa því verið tiltækar til að greina slíka mengun. Að því er varðar þessar tilkynningar í upplýsingakerfinu fyrir lífrænan búskap hafa gildi mengunar sem greindust í sendingunum alla jafna farið langt yfir þau hámarksgildi leifa sem fastsett eru fyrir etýlenoxíð en nákvæm mengunargildi eru mismunandi eftir sendingum. Þetta hefur bæði leitt til þess að villt hefur verið um fyrir neytendum og til verulegrar heilbrigðisáhættu. Tilkoma mengunar af völdum etýlenoxíðs og mikið magn sem greindist sem og skortur á svörum frá eftirlitsaðilum sem eiga þátt í þessari mengun, sem eru undir umsjá lögbærs yfirvalds Indlands, við því hvað orsakaði þennan brest í eftirlitskerfinu og þær óhentugu ráðstafanir til úrbóta sem þessir eftirlitsaðilar og lögbæra yfirvaldið gripu til stofna traustleika eftirlitsins og sjálfrar yfirumsjónarinnar í hættu. Á grundvelli upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist er enn fremur útlit fyrir að sumir af eftirlitsaðilunum, sem eiga þátt í þessum tilkynningum í upplýsingakerfinu fyrir lífrænan búskap, hafi ekki virt gildissvið viðurkenningarinnar fyrir Indland að því er varðar vörur sem heimilt er að flytja inn til Sambandsins. Allra þessara ástæðna vegna og í samræmi við a-lið 3. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/1342 ætti ekki að tilgreina eftirfarandi eftirlitsaðila í skránni yfir eftirlitsaðila sem lögbært yfirvald Indlands viðurkennir: „CU Inspections India Pvt Ltd“, „Ecocert India Pvt Ltd“, „Indian Organic Certification Agency (Indocert)“, „Lacon Quality Certifications Pvt Ltd“ og „OneCert International Private Limited“.
- 7) Í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2196 <sup>(5)</sup>, var eftirlitsaðilanum „Japan Agricultural Standard Certification Alliance“ úthlutað kenninúmerinu JP-BIO-038 fyrir mistök en þessu kenninúmeri hafði þegar verið úthlutað til eftirlitsaðilans „Akatonbo“ með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/25 <sup>(6)</sup>. Þess vegna ætti að úthluta öðru kenninúmeri til „Japan Agricultural Standard Certification Alliance“.
- 8) Lýðveldið Kórea upplýsti framkvæmdastjórnina um það að lögbært yfirvald þess hefði bætt eftirlitsaðilanum „ORGANIC PROMOTION“ á skrána yfir eftirlitsaðila sem lögbæra yfirvaldið viðurkennir.
- 9) Nýja-Sjáland upplýsti framkvæmdastjórnina um það að lögbært yfirvald þess hefði skipt um heiti.
- 10) Kerfi með eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum sem framkvæmdastjórnin viðurkennir skv. 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 til að inna af hendi eftirlit og til að gefa út vottorð í þriðju löndum í þeim tilgangi að flytja inn vörur ásamt því að veita jafngilda ábyrgð fellur úr gildi í áföngum með reglugerð (ESB) 2018/848. Þar eð gefa ætti þessum eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum nægan tíma svo þau geti búið sig undir að fá viðurkenningu að því er varðar innflutning á vörum sem eru í samræmi við reglur Sambandsins fellur viðurkenning þeirra úr gildi 31. desember 2024 að því tilskildu að þau uppfylli allar kröfur sem varða eftirlit framkvæmdastjórnarinnar með viðurkenningu þeirra í samræmi við framselda reglugerð (ESB) 2021/1342.
- 11) Skráin yfir viðurkennd eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem komið er á fót með þessari reglugerð byggist á skránni í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008. Í ljósi nýrra upplýsinga og nýrra beiðna um færslu á skrána sem framkvæmdastjórninni hafa borist síðan þessari skrá var síðast breytt ætti þó að gera tilteknar breytingar á skránni. Í samræmi við 1. mgr. 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 1235/2008 voru einungis teknar til greina fullgerðar beiðnir sem lagðar voru fram eigi síðar en 30. júní 2021 samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007.

<sup>(5)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2196 frá 17. desember 2020 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 434, 23.12.2020, bls. 31).

<sup>(6)</sup> Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/25 frá 13. janúar 2020 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum (Stjtið. ESB L 8, 14.1.2020, bls. 18).

- 12) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „A CERT European Organization for Certification S.A.“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar til allra þriðju landa, sem eru sem stendur skráð í 3. lið færslunnar í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1235/2008, að því er varðar vöruflokka B, C og E.
- 13) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „AfriCert Limited“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A, B og D til Côte d'Ivoire (Fílabeinsströndin) Egyptalands, Eþíópíu og Suður-Afríku og að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokk D til Búrúndí, Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, Gana, Kenya, Rúanda, Tansaníu og Úganda.
- 14) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Albinspekt“ um að breyta heiti þess. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að skipta heiti þessa eftirlitsaðila út fyrir „Albinspekt bio.inspecta“. Enn fremur var framkvæmdastjórnin upplýst um að tilteknum upplýsingum í heimilisfangi þessa eftirlitsaðila hefur verið breytt.
- 15) „Australian Certified Organic“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu.
- 16) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „BaŞak Ekolojik Ürünler Kontrol ve Sertifikasyon Hizmetleri Tic. Ltd“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A og D til Sameinuðu arabísku furstadæmanna.
- 17) Með viðskipta- og samstarfssamningnum milli Evrópusambandsins og Kjarnorkubandalags Evrópu annars vegar og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands hins vegar, sem lokið var við með ákvörðun ráðsins (ESB) 2021/689 <sup>(7)</sup>, var fastsett gagnkvæm viðurkenning á jafngildi núverandi löggjafar um lífræna ræktun/eldi og eftirlitskerfa beggja aðila að þeim samningi. Af þessum sökum ætti að afturkalla viðurkenninguna á eftirlitsaðilunum „Biodynamic Association Certification“, „Organic Farmers & Growers C. I. C“, „Organic Farmers & Growers (Scotland) Ltd“, „Organic Food Federation“, „Quality Welsh Food Certification Ltd“ og „Soil Association Certification Limited“, að því er varðar innflutning á lífrænt ræktuðum vörum frá Breska konungsríkinu, sem veitt var með framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2196.
- 18) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Bio.inspecta AG“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A, B, D, E og F til Egyptalands og að því er varðar vöruflokka A, B, D, og E til Taílands og að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokk D til Beníns og að því er varðar vöruflokk B til Tyrklands.
- 19) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Bureau Veritas Certification France SAS“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að afturkalla viðurkenninguna að því er varðar vöruflokk A fyrir Madagaskar og að afturkalla viðurkenninguna fyrir Míritús, Mónakó, Marokkó og Níkaragva.
- 20) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „CCPB srl“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A, B, og D til Líbíu og að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A, B, C, og E til Víetnams.
- 21) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „CERES Certification of Environmental Standards GmbH“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A, B og D til Angóla, Gínea Bissá, Jórdaníu, Ómans, Tríníad og Tóbagós og að því er varðar vöruflokka A og D til Afganistans og Srí Lanka og að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokk B til Írans, að því er varðar vöruflokk C til Kólumbíu og Perús og að því er varðar vöruflokka C og F til Tyrklands.

(7) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2021/689 frá 29. apríl 2021 um gerð viðskipta- og samstarfssamnings, fyrir hönd Sambandsins, milli Evrópusambandsins og Kjarnorkubandalags Evrópu annars vegar og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands hins vegar og um samning milli Evrópusambandsins og Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands að því er varðar öryggisverklag við skipti á trúnaðarflokkuðum upplýsingum og vernd þeirra (Stjtíð. ESB L 149, 30.4.2021, bls. 2).

- 22) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Certificadora Biotropico S.A“ um að breyta lagalegri stöðu. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlætanlegt sé að skipta heiti þessa eftirlitsaðila út fyrir „Certificadora Biotropico SAS“.
- 23) „Certisys“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu.
- 24) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Control Union Certifications“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlætanlegt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A, D og F til Samóa, Sádi-Arabíu, Salómonseyja og Vanúatús, að því er varðar vöruflokka C og D til Argentínu og að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokk A til Bangladess, að því er varðar vöruflokk B til Kúbu og Namíbú, að því er varðar vöruflokka B og E til Katars, að því er varðar vöruflokk C til El Salvadors, Gvatemala, Kenya og Níkaragva, að því er varðar vöruflokk D til til Costa Rica og að því er varðar vöruflokk E til Bosníu og Hersegóvínu og Chiles (Síles).
- 25) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „CTR Uluslararası Belgelendirme ve Denetim Ltd. Şti.“ um að verða fært á skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlætanlegt að viðurkenna þennan eftirlitsaðila fyrir vöruflokka A og D að því er varðar Tyrkland.
- 26) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Ecocert SA“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlætanlegt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A og B til Bareins, að því er varðar vöruflokka A og D til Bútans og Gabons, að því er varðar vöruflokk D til Maldíva, að því er varðar vöruflokka A, B og D til Katars og að því er varðar vöruflokka A, B, D og E til Sankti Bartólómeusareyja. Einnig er réttlætanlegt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokk F til Armeníu, Kamerúns, Lesótós, Máritíuss, Mósambíks, Namíbú, hernumdu svæðanna í Palestínu, Rúanda, Úganda og Zambíu, að því er varðar vöruflokk B til Bangladess, Indlands, Sádi-Arabíu, Srí Lanka og Tógós, að því er varðar vöruflokka E og F til Botsvana, Esvatíní, Eþíópíu, Malavís og Tansaníu, að því er varðar vöruflokk E til Egyptalands og Kúveits, að því er varðar vöruflokk B og E til Jórdaníu, Ómans og Pakistans og að því er varðar vöruflokka B, E og F til Nígíríu. Á grundvelli nánari útlistunar sem barst frá "Ecocert SA", er að auki nauðsynlegt að afturkalla viðurkenninguna að því er varðar vöruflokk C fyrir Bangladess.
- 27) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Ecoglobe“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlætanlegt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A, B og D til Egyptalands og Sameinuðu arabísku furstadæmanna.
- 28) „Ecogrupo Italia“ upplýsti framkvæmdastjórnina um breytingu á heimilisfangi sínu.
- 29) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „EGYCERT Ltd“ um að verða fært á skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlætanlegt að viðurkenna þennan eftirlitsaðila fyrir vöruflokka A og D að því er varðar Kína, Egyptaland, Gana, Kúveit, Pakistan, Sádi-Arabíu, Súdan, Tyrkland og Sameinuðu arabísku furstadæmin.
- 30) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „EKO-CONTROL SK s.r.o.“ um að verða fært á skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlætanlegt að viðurkenna þennan eftirlitsaðila fyrir vöruflokk A að því er varðar Moldóvu, Serbíu og Rússland.
- 31) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Food Safety SA“ um að verða fært á skrána yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlætanlegt að viðurkenna þennan eftirlitsaðila fyrir vöruflokka A, B og D að því er varðar Paragvæ og Úrúgvæ sem og fyrir vöruflokk D að því er varðar Argentínu.
- 32) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „IBD Certificações Ltda“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlætanlegt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokk B til Kína.

- 33) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A, D og F til Jamaíku og Tríníðads og Tóbagós og að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokk B til Costa Rica og að því er varðar vöruflokk C til Níkaragva, Panama, Perús og Venesúela.
- 34) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „LACON GmbH“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að afturkalla viðurkenninguna að því er varðar vöruflokka A, B og D til Brasilíu, Kúbu, Dóminíska lýðveldisins og Mexíkó en jafnframt er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar til Írans.
- 35) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Mayacert“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A og D til Ekvadors, Írans og Tyrklands sem og að því er varðar vöruflokk D til Indlands.
- 36) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „NASAA Certified Organic Pty Ltd“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórninni hafa borist komst hún að þeirri niðurstöðu að réttlæt看legt sé að rýmka gildissvið viðurkenningar hennar að því er varðar vöruflokka A, B og D til Bangladess, Bútans, Brúneis, Kambódíu, Fíji, Frönsku Pólýnesíu, Hong Kong, Kíríbatís, Laoss, Marshallleyja, Míkrónesíu, Myanmar (Mjanmar), Naúrús, Nýju-Kaledóníu, Palaúr, Filippseyja, Taílands, Túvalús, Vanúatús, Víetnams og Wallis- og Fútúnaeyja, sem og að því er varðar vöruflokka B og D til Indlands.
- 37) „Oregon Tilth“ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu.
- 38) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Organic Control System“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokk B til Montenegro og Norður-Makedóníu og að því er varðar vöruflokka B og E til Bosníu og Hersegóvínu og Serbíu.
- 39) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Organic Standard“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka C, E og F til Georgíu og Moldóvu og að því er varðar vöruflokka C og F til Kasakstans.
- 40) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Organización Internacional Agropecuaria“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A og D til Kína.
- 41) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „Organska Kontrola“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A, B og D til Aserbaísjans.
- 42) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „ORSER“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A, D og E til Moldóvu, Rússlands, Serbíu, Úkraínu og Úsbekistans.
- 43) „SIA „Sertifikācijas un testēšanas centrs““ tilkynnti framkvæmdastjórninni um breytingu á heimilisfangi sínu.
- 44) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „SRS Certification GmbH“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A, D og E til Búrkína Fasós, Kongó, Côte d'Ivoire (Fílabeinsströndin), Gana, Senegals, Singapúrs og Tógós sem og að því er varðar vöruflokka A og D til Armeníu, Kambódíu, Kamerúns, Mið-Afríkulyðveldisins, Chads, Lýðstjórnarlýðveldisins Kongó, Miðbaugs-Gíneu, Gabons, Indónesíu, Kenya, Laoss, Malasíu, Myanmar (Mjanmar), Nígurs, Pakistans, Filippseyja, Rúanda, Srí Lanka, Taílands og Víetnams.
- 45) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „The First Agricultural Co., for Registration, Inspection and Certification Limited Liability (TAWTHIQ)“ um að verða fært á skrána yfir eftirlitsyfírvöld og eftirlitsaðila sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi samkvæmt reglugerð (EB) nr. 834/2007. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlæt看legt að viðurkenna þennan eftirlitsaðila fyrir vöruflokka A og D að því er varðar Egiptaland, Sáði-Arabíu og Úsbekistan.

- 46) Framkvæmdastjórnin hefur tekið við og athugað beiðni frá „TÜV Nord Integra“ um að breyta forskriftum. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem bárust er réttlætanlegt að rýmka gildissvið viðurkenningarinnar að því er varðar vöruflokka A og D til Gambíu.
- 47) Til glöggvunar og í þágu réttarvissu ætti þessi reglugerð að gilda frá þeim degi sem reglugerð (ESB) 2018/848 kemur til framkvæmda. Í samræmi við 1. mgr. 48. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 á viðurkenning þriðju landa, að því er varðar jafngildi skv. 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, að falla úr gildi 31. desember 2026. Í samræmi við 1. mgr. 57. gr. reglugerðar (ESB) 2018/848 á viðurkenning á eftirlitsyfirvöldum og eftirlitsaðilum, sem er veitt skv. 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, að falla úr gildi eigi síðar en 31. desember 2024.
- 48) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um lífræna framleiðslu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

#### **Skrá yfir viðurkennd þriðju lönd**

Skráin yfir þriðju lönd, sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi skv. 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, er sett fram í I. viðauka við þessa reglugerð.

*2. gr.*

#### **Skrá yfir viðurkennd eftirlitsyfirvöld og viðurkennda eftirlitsaðila**

Skráin yfir eftirlitsyfirvöld og eftirlitsaðila, sem eru viðurkennd að því er varðar jafngildi skv. 3. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007, er sett fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

*3. gr.*

#### **Gildistaka og framkvæmd**

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Ákvæði 1. gr. gilda til 31. desember 2026.

Ákvæði 2. gr. gilda til 31. desember 2024.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

## I. VIÐAUKI

## SKRÁ YFIR VIÐURKENND ÞRÍÐJU LÖND SEM UM GETUR Í 1. GR. OG VIÐEIGANDI FORSKRIFTIR

*Athugasemd:* Samkvæmt f-lið 1. mgr. 17. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007 skal ekki setja dýr og dýraafurðir sem eru framleidd á aðlögunartímanum á markað í Sambandinu með þeim vísunum sem um getur í 23. og 24. gr. þeirrar reglugerðar að því er varðar merkingu og auglýsingar fyrir afurðirnar. Slíkar afurðir eru því einnig undanskildar viðurkenningum að því er varðar vöruflokka B og D fyrir öll þriðju lönd sem eru skráð í þennan viðauka.

## ARGENTÍNA

## 1. Vöruflokkar

Vöruflokkur	Tilgreining á flokki eins og í II. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir	A	
Lifandi dýr eða óunnar dýraafurðir	B	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli <sup>(1)</sup>	D	
Efniviður til kynlausrar fjölgunar og fræ til ræktunar	F	

<sup>(1)</sup> Að undanskildu víni og geri.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki A, B og F sem hafa verið ræktaðar í Argentínu og afurðir í flokki D sem hafa verið unnar í Argentínu með lífrænt ræktuðum innihaldsefnum sem hafa verið ræktað í Argentínu.

3. **Framleiðslustaðall:** Ley 25 127 sobre „Producción ecológica, biológica y orgánica“.

4. **Lögbært yfirvald:** Servicio Nacional de Sanidad y Calidad Agroalimentaria SENASA, [www.senasa.gov.ar](http://www.senasa.gov.ar)

## 5. Eftirlitsaðilar

Kenninúmer	Heiti	Veffang
AR-BIO-001	Food Safety SA	<a href="http://www.foodsafety.com.ar">www.foodsafety.com.ar</a>
AR-BIO-002	Ecocert Argentina SA	<a href="https://www.ecocert.com/es-AR/home">https://www.ecocert.com/es-AR/home</a>
AR-BIO-003	LETIS S.A.	<a href="http://www.letis.org">www.letis.org</a>
AR-BIO-004	Organización Internacional Agropecuaria (OIA)	<a href="http://www.oia.com.ar">www.oia.com.ar</a>

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 31. desember 2026.

**ÁSTRALÍA****1. Vörflokkar**

Vörflokkur	Tilgreining á flokki eins og í II. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir	A	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli <sup>(1)</sup>	D	Aðallega samsettar úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtafökinu
Efniviður til kynlausrar fjölgunar og fræ til ræktunar	F	

<sup>(1)</sup> Að undanskildu víni og geri.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki A og F sem hafa verið ræktaðar í Ástralíu og afurðir í flokki D sem hafa verið unnar í Ástralíu með lífrænt ræktuðum innihaldsefnum sem hafa verið ræktað í Ástralíu.

3. **Framleiðslustaðall:** national standard for organic and bio-dynamic produce.

4. **Lögbært yfirvald:** Department of Agriculture and Water Resources (<http://www.agriculture.gov.au>)

**5. Eftirlitsaðilar:**

Kenninúmer	Heiti	Veffang
AU-BIO-001	ACO Certification Ltd	<a href="http://www.aco.net.au">www.aco.net.au</a>
AU-BIO-003	Bio-dynamic Research Institute (BDRI)	<a href="http://www.demeter.org.au">www.demeter.org.au</a>
AU-BIO-004	NASAA Certified Organic	<a href="http://www.nasaa.com.au">www.nasaa.com.au</a>
AU-BIO-005	Organic Food Chain Pty Ltd (OFC)	<a href="http://www.organicfoodchain.com.au">www.organicfoodchain.com.au</a>
AU-BIO-006	AUS-QUAL Pty Ltd	<a href="http://www.ausqual.com.au">www.ausqual.com.au</a>
AU-BIO-007	Southern Cross Certified Australia Pty Ltd	<a href="https://www.sxcertified.com.au">https://www.sxcertified.com.au</a>

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 31. desember 2026.

## KANADA

## 1. Vöruflokkar

Vöruflokkur	Tilgreining á flokki eins og í II. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir	A	
Lifandi dýr eða óunnar dýraafurðir	B	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli	D	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem fóður	E	
Efniviður til kynlausrar fjölgunar og fræ til ræktunar	F	

2. **Uppruni:** afurðir í flokki A, B og F, sem hafa verið ræktaðar í Kanada, og afurðir í flokki D og E, sem hafa verið unnar í Kanada með lífrænt ræktuðum innihaldsefnum sem hafa verið ræktað í Kanada eða flutt inn til Kanada í samræmi við kanadíska löggjöf.

3. **Framleiðslustaðall:** Organic Products Regulation.

4. **Lögbært yfirvald:** Canadian Food Inspection Agency (CFIA), [www.inspection.gc.ca](http://www.inspection.gc.ca)

## 5. Eftirlitsaðilar

Kenninúmer	Heiti	Veffang
CA-ORG-002	British Columbia Association for Regenerative Agriculture (BCARA)	<a href="http://www.certifiedorganic.bc.ca">www.certifiedorganic.bc.ca</a>
CA-ORG-003	CCOF Certification Services	<a href="http://www.ccof.org">www.ccof.org</a>
CA-ORG-004	Centre for Systems Integration (CSI)	<a href="http://www.csi-ics.com">www.csi-ics.com</a>
CA-ORG-005	Consorzio per il Controllo dei Prodotti Biologici Società a responsabilità limitata (CCPB SRL)	<a href="http://www.ccpb.it">www.ccpb.it</a>
CA-ORG-006	Ecocert Canada	<a href="http://www.ecocertcanada.com">www.ecocertcanada.com</a>
CA-ORG-007	Fraser Valley Organic Producers Association (FVOPA)	<a href="http://www.fvopa.ca">www.fvopa.ca</a>
CA-ORG-009	International Certification Services Incorporated (ICS)	<a href="http://www.ics-intl.com">www.ics-intl.com</a>
CA-ORG-010	LETIS S.A.	<a href="http://www.letis.com.ar">www.letis.com.ar</a>
CA-ORG-013	Organic Crop Improvement Association (OCIA)	<a href="http://www.ocia.org">www.ocia.org</a>

CA-ORG-014	Organic Producers Association of Manitoba Cooperative Incorporated (OPAM)	www.opam-mb.com
CA-ORG-015	Pacific Agricultural Certification Society (PACS)	www.pacscertifiedorganic.ca
CA-ORG-016	Pro-Cert Organic Systems Ltd (Pro-Cert)	www.ocpro.ca
CA-ORG-017	Quality Assurance International Incorporated (QAI)	http://www.qai-inc.com
CA-ORG-018	Quality Certification Services (QCS)	www.qcsinfo.org
CA-ORG-019	Organisme de Certification Québec Vrai (OCQV)	http://www.quebecvrai.org/
CA-ORG-021	TransCanada Organic Certification Services (TCO Cert)	http://www.tcocert.ca/contacts/

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 31. desember 2026.

## COSTA RICA

### 1. Vöruflokkar

Vöruflokkur eða vörur	Tilgreining á flokki eins og í II. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir	A	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli <sup>(1)</sup>	D	Eingöngu unnar plöntuafurðir
Efniviður til kynlausrar fjölgunar og fræ til ræktunar	F	

<sup>(1)</sup> Að undanskildu víni og geri.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki A og F sem hafa verið ræktaðar á Costa Rica og afurðir í flokki D sem hafa verið unnar á Costa Rica með lífrænt ræktuðum innihaldsefnum sem hafa verið rækтуð á Costa Rica.

3. **Framleiðslustaðall:** Reglamento sobre la agricultura orgánica.

4. **Lögbært yfirvald:** Servicio Fitosanitario del Estado, Ministerio de Agricultura y Ganadería, www.sfe.go.cr

## 5. Eftirlitsaðilar:

Kenninúmer	Heiti	Veffang
CR-BIO-002	Kiwa BCS Costa Rica Limitada	www.kiwa.lat
CR-BIO-003	Eco-LOGICA	www.eco-logica.com
CR-BIO-007	Primus Auditing Operations de Costa Rica S.A.	www.primusauditingops.com

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 31. desember 2026.

## ÍSRAEL

## 1. Vöruflokkar

Vöruflokkur eða vörur	Tilgreining á flokki eins og í II. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir	A	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli <sup>(1)</sup>	D	Aðallega samsettar úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtaríkinu
Efniviður til kynlausrar fjölgunar og fræ til ræktunar	F	

<sup>(1)</sup> Að undanskildu víni og geri.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki A og F sem hafa verið ræktaðar í Ísrael og afurðir í flokki D sem hafa verið unnar í Ísrael með lífrænt ræktuðum innihaldsefnum sem hafa verið ræktuð í Ísrael eða verið flutt inn til Ísraels:

— annaðhvort frá Sambandinu

— eða frá þriðja landi innan ramma reglna sem eru viðurkenndar sem jafngildar í samræmi við 2. mgr. 33. gr. reglugerðar (EB) nr. 834/2007.

3. **Framleiðslustaðall:** Law for the Regulation of Organic Produce, 5765-2005, and its relevant Regulations.

4. **Lögbært yfirvald:** Plant Protection and Inspection Services (PPIS), [www.ppis.moag.gov.il](http://www.ppis.moag.gov.il)

## 5. Eftirlitsaðilar

Kenninúmer	Heiti	Veffang
IL-ORG-001	Secal Israel Inspection and certification	www.skal.co.il
IL-ORG-002	Agrior Ltd-Organic Inspection & Certification	www.agrior.co.il

IL-ORG-003	IQC Institute of Quality & Control	www.iqc.co.il
IL-ORG-004	Plant Protection and Inspection Services (PPIS)	www.ppis.moag.gov.il

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 31. desember 2026.

## INDLAND

### 1. Vöruflokkar

Vöruflokkur eða vörur	Tilgreining á flokki eins og í II. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir	A	
Efniviður til kynlausrar fjölgunar og fræ til ræktunar	F	

2. **Uppruni:** afurðir í flokki A og F sem hafa verið ræktaðar á Indlandi.

3. **Framleiðslustaðall:** National Programme for Organic Production.

4. **Lögbært yfirvald:** Agricultural and Processed Food Products Export Development Authority APEDA, <http://www.apeda.gov.in/apedawebsite/index.asp>

### 5. Eftirlitsaðilar

Kenninúmer	Heiti	Veffang
IN-ORG-001	Aditi Organic Certifications Pvt. Ltd	www.aditicert.net
IN-ORG-002	APOF Organic Certification Agency (AOCA)	www.aoca.in
IN-ORG-003	Bureau Veritas (India) Pvt. Limited	www.bureauveritas.co.in
IN-ORG-006	TQ Cert Services Private Limited	www.tqcert.in
IN-ORG-007	IMO Control Pvt. Ltd	www.imocontrol.in
IN-ORG-011	Natural Organic Certification Agro Pvt. Ltd	www.nocaagro.com
IN-ORG-013	SGS India Pvt. Ltd	www.sgsgroup.in
IN-ORG-014	Uttarakhand State Organic Certification Agency (USOCA)	www.usoca.org
IN-ORG-016	Rajasthan State Organic Certification Agency (RSOCA)	www.agriculture.rajasthan.gov.in/rssopca
IN-ORG-017	Chhattisgarh Certification Society, India (CGCERT)	www.cgcert.com

IN-ORG-018	Tamil Nadu Organic Certification Department (TNOCD)	www.tnocd.net
IN-ORG-021	Madhya Pradesh State Organic Certification Agency (MPSOCA)	www.mpsoca.org
IN-ORG-023	Faircert Certification Services Pvt Ltd	www.faircert.com
IN-ORG-024	Odisha State Organic Certification Agency (OSOCA)	www.ossopca.org
IN-ORG-025	Gujarat Organic Products Certification Agency (GOPCA)	www.gopca.in
IN-ORG-026	Uttar Pradesh State Organic Certification Agency	www.upsoca.org
IN-ORG-027	Karnataka State Organic Certification Agency	www.kssoca.org
IN-ORG-028	Sikkim State Organic Certification Agency (SSOCA)	www.ssoca.in
IN-ORG-029	Global Certification Society	www.glocert.org
IN-ORG-030	GreenCert Biosolutions Pvt. Ltd	www.greencertindia.in
IN-ORG-031	Telangana State Organic Certification Authority	www.tsoca.telangana.gov.in
IN-ORG-032	Bihar State Seed and Organic Certification Agency (BSSOCA)	www.bssca.co.in
IN-ORG-033	Reliable Organic Certification Organization	https://rococert.com
IN-ORG-034	Bhumaatha Organic Certification Bureau (BOCB)	http://www.agricertbocb.in

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 31. desember 2026.

## JAPAN

### 1. Vöruflokkar

Vöruflokkur eða vörur	Tilgreining á flokki eins og í II. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir	A	
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli <sup>(1)</sup>	D	Aðallega samsettar úr einu eða fleiri innihaldsefnum úr jurtafkinu

<sup>(1)</sup> Að undanskildu víni.

2. **Uppruni:** afurðir í flokki A sem hafa verið ræktaðar í Japan og afurðir í flokki D sem hafa verið unnar í Japan með lífrænt rækтуðum innihaldsefnum sem hafa verið rækтуð í Japan eða verið flutt inn til Japan:

— annaðhvort frá Sambandinu

— eða frá þriðja landi, enda hafi Japan viðurkennt að afurðirnar hafi verið framleiddar og haft með þeim eftirlit í þriðja landinu í samræmi við reglur sem eru jafngildar þeim reglum sem mælt er fyrir um í japanskri löggjöf.

3. **Framleiðslustaðlar:** 17 Japanese Agricultural Standard for Organic Plants (Notification No 1605 of the MAFF of October 27, 2005), Japanese Agricultural Standard for Organic Processed Foods (Notification No 1606 of MAFF of October 27, 2005).
4. **Lögbær yfirvöld:** Food Manufacture Affairs Division, Food Industry Affairs Bureau, Ministry of Agriculture, Forestry and Fisheries, [www.maff.go.jp/j/jas/index.html](http://www.maff.go.jp/j/jas/index.html) and Food and Agricultural Materials Inspection Center (FAMIC), [www.famic.go.jp](http://www.famic.go.jp)

#### 5. Eftirlitsaðilar

Kenninúmer	Heiti	Veffang
JP-BIO-001	Hyogo prefectural Organic Agriculture Society, HOAS	<a href="http://www.hyoyuken.org">www.hyoyuken.org</a>
JP-BIO-002	AFAS Certification Center Co., Ltd	<a href="http://www.afasseq.com">www.afasseq.com</a>
JP-BIO-003	NPO Kagoshima Organic Agriculture Association	<a href="http://www.koaa.or.jp">www.koaa.or.jp</a>
JP-BIO-004	Center of Japan Organic Farmers Group	<a href="http://www.yu-ki.or.jp">www.yu-ki.or.jp</a>
JP-BIO-005	Japan Organic & Natural Foods Association	<a href="http://jona-japan.org/english/">http://jona-japan.org/english/</a>
JP-BIO-006	Ecocert Japan Limited	<a href="http://www.ecocert.co.jp">www.ecocert.co.jp</a>
JP-BIO-007	Bureau Veritas Japan Co., Ltd	<a href="http://certification.bureauveritas.jp/cer-business/jas/nintei_list.html">http://certification.bureauveritas.jp/cer-business/jas/nintei_list.html</a>
JP-BIO-008	OCIA Japan	<a href="http://www.ocia-jp.com">www.ocia-jp.com</a>
JP-BIO-009	Overseas Merchandise Inspection Co., Ltd	<a href="http://www.omicnet.com/omicnet/services-en/organic-certification-en.html">http://www.omicnet.com/omicnet/services-en/organic-certification-en.html</a>
JP-BIO-010	Organic Farming Promotion Association	<a href="http://yusuikyo.web.fc2.com/">http://yusuikyo.web.fc2.com/</a>
JP-BIO-011	ASAC Stands for Axis' System for Auditing and Certification and Association for Sustainable Agricultural Certification	<a href="http://www.axis-asac.net">www.axis-asac.net</a>
JP-BIO-012	Environmentally Friendly Rice Network	<a href="http://www.epfnetwork.org/okome">www.epfnetwork.org/okome</a>
JP-BIO-013	Ooita Prefecture Organic Agricultural Research Center	<a href="http://www.d-b.ne.jp/oitayuki">www.d-b.ne.jp/oitayuki</a>
JP-BIO-014	AINOU	<a href="http://www.ainou.or.jp/ainohtm/disclosure/nintei-kouhyou.htm">www.ainou.or.jp/ainohtm/disclosure/nintei-kouhyou.htm</a>
JP-BIO-015	SGS Japan Incorporation	<a href="http://www.jp.sgs.com/ja/home_jp_v2.htm">www.jp.sgs.com/ja/home_jp_v2.htm</a>

JP-BIO-016	Ehime Organic Agricultural Association	<a href="http://eoaa.sakura.ne.jp/">http://eoaa.sakura.ne.jp/</a>
JP-BIO-017	Center for Eco-design Certification Co. Ltd	<a href="http://www.eco-de.co.jp/list.html">http://www.eco-de.co.jp/list.html</a>
JP-BIO-018	Organic Certification Association	<a href="http://yuukinin.org/index.html">http://yuukinin.org/index.html</a>
JP-BIO-020	Hiroshima Environment and Health Association	<a href="https://www.kanhokyo.or.jp/">https://www.kanhokyo.or.jp/</a>
JP-BIO-021	ACCIS Inc.	<a href="https://www.accis.jp/">https://www.accis.jp/</a>
JP-BIO-022	Organic Certification Organization Co. Ltd	<a href="http://www.oco45.net">www.oco45.net</a>
JP-BIO-023	Rice Research Organic Food Institute	<a href="https://rrofi.jp/">https://rrofi.jp/</a>
JP-BIO-024	Aya town miyazaki, Japan	<a href="http://www.town.aya.miyazaki.jp/ayatown/organicfarming/index.html">http://www.town.aya.miyazaki.jp/ayatown/organicfarming/index.html</a>
JP-BIO-025	Tokushima Organic Certified Association	<a href="http://www.tokukaigi.or.jp/yuuki/">http://www.tokukaigi.or.jp/yuuki/</a>
JP-BIO-027	NPO Kumamoto Organic Agriculture Association	<a href="http://www.kumayuken.org/">http://www.kumayuken.org/</a>
JP-BIO-028	Hokkaido Organic Promoters Association	<a href="http://www.hosk.jp/CCP.html">http://www.hosk.jp/CCP.html</a>
JP-BIO-029	Association of organic agriculture certification Kochi corporation NPO	<a href="http://www8.ocn.ne.jp/~koaa/jisseki.html">http://www8.ocn.ne.jp/~koaa/jisseki.html</a>
JP-BIO-031	Wakayama Organic Certified Association	<a href="https://woca.jpn.org/w/">https://woca.jpn.org/w/</a>
JP-BIO-032	Shimane Organic Agriculture Association	<a href="http://www.shimane-yuki.or.jp/index.html">www.shimane-yuki.or.jp/index.html</a>
JP-BIO-034	International Nature Farming Research Center	<a href="http://www.infrc.or.jp/">http://www.infrc.or.jp/</a>
JP-BIO-035	Organic Certification Center	<a href="http://www.organic-cert.or.jp">www.organic-cert.or.jp</a>
JP-BIO-036	Japan Food Research Laboratories	<a href="http://www.jfrl.or.jp/jas.html">http://www.jfrl.or.jp/jas.html</a>
JP-BIO-037	Leafearth Company	<a href="http://www.leafearth.jp/">http://www.leafearth.jp/</a>
JP-BIO-038	Akatonbo	<a href="http://www.akatonbo.or.jp/">http://www.akatonbo.or.jp/</a>
JP-BIO-039	Japan Grain Inspection Association	<a href="http://www.kokken.or.jp/">http://www.kokken.or.jp/</a>
JP-BIO-040	Okayama Agriculture Development Institute	<a href="http://www.nokaiken.or.jp">http://www.nokaiken.or.jp</a>
JP-BIO-041	Japan Agricultural Standard Certification Alliance	<a href="http://jascert.or.jp/">http://jascert.or.jp/</a>

6. **Aðilar sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 31. desember 2026.

## LÝÐVELDIÐ KÓREA

## 1. Vörflokkar

Vörflokkur eða vörur	Tilgreining á flokki eins og í II. viðauka	Takmarkanir
Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli	D	

2. **Uppruni:** afurðir í flokki D sem hafa verið unnar í Lýðveldinu Kóreu með lífrænt ræktuðum innihaldsefnum sem hafa verið ræktuð í Lýðveldinu Kóreu eða verið flutt inn til Lýðveldisins Kóreu:

— annaðhvort frá Sambandinu

— eða frá þriðja landi, enda hafi Lýðveldið Kórea viðurkennt að afurðirnar hafi verið framleiddar og haft með þeim eftirlit í þriðja landinu í samræmi við reglur sem eru jafngildar þeim reglum sem mælt er fyrir um í löggjöf Lýðveldisins Kóreu.

3. **Framleiðslustaðlar:** Act on Promotion of Environmentally-friendly Agriculture and Fisheries and Management and Support for Organic Food.

4. **Lögbært yfirvald:** Ministry of Agriculture, Food and Rural Affairs, [www.enviagro.go.kr/portal/en/main.do](http://www.enviagro.go.kr/portal/en/main.do)

## 5. Eftirlitsaðilar

Kenninúmer	Heiti	Veffang
KR-ORG-002	Doalnara Organic Certificated Korea	<a href="http://www.doalnara.or.kr">www.doalnara.or.kr</a>
KR-ORG-004	Global Organic Agriculturalist Association	<a href="http://www.goaa.co.kr">www.goaa.co.kr</a>
KR-ORG-005	OCK	<a href="http://www.greenock.co.kr/">http://www.greenock.co.kr/</a>
KR-ORG-006	KAFFC	<a href="http://eco.konkuk.ac.kr">http://eco.konkuk.ac.kr</a>
KR-ORG-007	Korea Environment-Friendly Organic Certification Centre	<a href="http://www.a-cert.co.kr">www.a-cert.co.kr</a>
KR-ORG-008	Konkuk Ecocert Certification Service	<a href="http://www.ecocert.co.kr">www.ecocert.co.kr</a>
KR-ORG-009	Woorinong Certification	<a href="https://blog.naver.com/woorinongin/70107436715">https://blog.naver.com/woorinongin/70107436715</a>
KR-ORG-010	ACO (Australian Certified Organic)	<a href="http://www.aco.net.au">www.aco.net.au</a>
KR-ORG-011	Kiwa BCS Öko-Garantie GmbH	<a href="http://www.bcs-oeko.com">www.bcs-oeko.com</a>
KR-ORG-012	BCS Korea	<a href="http://www.bcskorea.com">www.bcskorea.com</a>
KR-ORG-013	Hansol Food, Agriculture, Fisher-Forest Certification Center	<a href="http://www.hansolnonglim.com">www.hansolnonglim.com</a>
KR-ORG-014	The Centre for Environment Friendly Agricultural Products Certification	<a href="http://www.hgreent.or.kr">www.hgreent.or.kr</a>
KR-ORG-015	ECO-Leaders Certification Co., Ltd	<a href="http://www.ecoleaders.kr">www.ecoleaders.kr</a>

KR-ORG-017	Jeonnam bioindustry foundation	www.jbf.kr
KR-ORG-019	Neo environmentally-friendly Certification Center	https://neofcc.modoo.at/
KR-ORG-020	Green Environmentally-Friendly certification center	http://cafe.naver.com/greenorganic6279
KR-ORG-021	ISC Agriculture development research institute	www.isc-cert.com
KR-ORG-022	Greenstar Agrifood Certification Center	www.그린스타.com
KR-ORG-023	Control Union Korea	www.controlunion.co.kr
KR-ORG-024	Industry-Academic Cooperation Foundation, SCNU	http://siacf.scnu.ac.kr/web/siacf/home
KR-ORG-026	Agricultural Products Quality Service	http://apqs.kr
KR-ORG-027	University Industry Liaison office of CNU	http://sanhak.jnu.ac.kr/eng/
KR-ORG-029	Eco Agriculture Institute Inc	http://blog.daum.net/ifea2011
KR-ORG-030	Korea Crops Research Institute (co.ltd)	https://blog.naver.com/kor034
KR-ORG-031	Korea organic certification	http://blog.daum.net/koafc2019
KR-ORG-032	Jayeondeul agri-food certification institute	www.jaci.kr
KR-ORG-033	Institute of Organic food Evaluation	www.ioe42.com
KR-ORG-034	EverGreen Nongouhwi	http://blog.naver.com/evergreen8374
KR-ORG-035	ONNURI ORGANIC Co., Ltd.	https://blog.naver.com/onr77830
KR-ORG-036	Hankyong Certification Center Co., Ltd.	https://blog.naver.com/hk61369
KR-ORG-037	Ctforum. LTD	http://blog.daum.net/ctforum
KR-ORG-038	ORGANIC PROMOTION	http://blog.daum.net/op7373

6. **Aðilar og yfirvöld sem gefa út vottorð:** sjá 5. lið.

7. **Gildistími skráningar:** 31. desember 2026.

## NÝJA-SJÁLAND

### 1. Vörflokkar

Vörflokkur eða vörur	Tilgreining á flokki eins og í II. viðauka	Takmarkanir
Óunnar plöntuafurðir	A	
Lifandi dýr eða óunnar dýraafurðir	B	

Unnar landbúnaðarafurðir sem nota á sem matvæli <sup>(1)</sup>	D	
Efniviður til kynlausrar fjölgunar og fræ til ræktunar	F	

<sup>(1)</sup> Að undanskildu geri.

